

Hafnarfjörður 14. maí 2021
Málsnr. 2009350

Efni: Skarðshlíð sendistaða valkostir. Umsögn.,

Þann 14.9.2020 óskar Síminn hf eftir afstöðu Hafnarfjarðarbæjar er varðar valkosti vegna sendistaða í Skarðshlíð.

Mastrið sem fyrirhugað er að koma fyrir innan hverfisins er 16m hátt stálmastur. Með bréfi Strendings efh verkfræðipjónustu dags 6.janúar 2021 eru lagðir fram þrír valkostir vegna staðsetningar mastursins, A, B og C.

Við skoðun á þeim valkostum sem lagðir eru til hugnast skipulagssviði Hafnarfjarðarbæjar best valkostur C. Hæð stálmastursins þarf þá að vera 12m og liggur hátt í landi. Ókosturinn er hins vegar að framkvæmdir þurfa að fara gegnum verndarsvæði.



Mynd 3 - Valkostur B og 500 metra drægnisvæði sendistaðar.

Nú er fyrirhugað að byggja í Hamranesinu og er nú þegar farið að vinna í þeim innviðum sem þurfa að liggja fyrir.



HAFNARFJÖRÐUR

Því væri gott að byrja að huga að næsta valkosti vegna sendastaða og mögulega mætti skoða að koma slíku mastri fyrir við Ásvallabraut við Hamranesi. Með því móti gæti sá sendill náð á þekja það svæði sem annars stendur autt í Skarðshlíð 3. áfanga og valkostur C nær ekki til.

Sannarlega leggur Síminn hf áherslu á valkost A en mögulega gæti valkostur C verið fýsilegur þegar hugað er að því að koma öðru mastri fyrir fljótlega og ná þar af leiðandi yfir nýja byggð í Hamranesi.

Gunnþóra Guðmundsdóttir, arkitekt